# Áfangalýsing

| Titill | Yndislestur og munnmælasögur |
|---|---|
| Námsgrein | Íslenska |
| Viðfangsefni | Kynning á ýmsum þáttum menningar og listar með áherslu á leiklistarsögu og nemendastýrt sjálfsnám í lista og menningarsögu |
| Skammstöfun | ÍSLE3YM05 |
| Þrep | 3 |
| Einingafjöldi | 5 |
| Lýsing | Í áfanganum eru tvær áherslur, annars vegar á yndislestur og hins vegar munnmælasögur.<br>Yndislestur leggur áherslu á að nemendur lesi bókmenntir. Allir nemendur lesa eina skáldsögu sem valin er af kennara auk bóka af leslista. Nemendur vinna fjölbreytt verkefni í ræðu og riti.<br>Munnmælasögur leggja áherslu á að fjallað sé um þjóðsögur, flökkusagnir, listina að segja sögu, munnlega geymd, almannaróm og annað sem tengja má munnmælasögum. Lögð er áhersla á einkenni munnmælasagna, trúverðugleika, uppruna og fleira í þá veru. Nemendur lesa sögur og frásagnir, safna munnmælum og vinna ýmis verkefni tengd efninu. Nemendur þjálfast í að segja sögur og beita til þess aðferðum og tækni sagnaþula. |
| Forkröfur | Engar |
| Þekkingarviðmið | **Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á**:<br>• Inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru eða tekin fyrir á annan hátt<br>• Helstu einkennum og tegundum munnmælasagna<br>• Bókmenntafræðihugtökum sem tengjast munnmælasögum<br>• Því helsta sem þarf að hafa í huga þegar saga er sögð<br>• Inntaki og einkennum þeirra verka sem lesin eru<br>• Helstu einkennum íslensks máls sem nýtast honum í ræðu og riti<br>• Orðaforða sem nægir til að lesa til gagns og ánægju<br>• Nýta sér uppbyggilega gagnrýni annarra<br>• Að flytja af öryggi kynningar, endursagnir og lýsingar á bókmenntum<br>• Nýta sköpunargáfu við vinnslu verkefna |
| Leikniviðmið | **Nemandi skal hafa öðlast leikni í að**:<br>• Flytja af nokkru öryggi sögur<br>• Lesa sér til gagns og gamans frásagnir og umfjöllun um þær<br>• Nota viðeigandi hjálpargögn við frágang og framsetningu ritaðs og talaðs máls<br>• Greina lykilatriði og andstæð sjónarmið í mismunandi verkum<br>• Skilja algeng stílbrögð í tal- og ritmáli<br>• Að lesa sér til gagns og gamans bókmenntaverk og fjalla um inntak þeirra |
| Hæfniviðmið | **Nemandi skal geta hagnýtt sér þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að**:<br>• Bera saman mismunandi verk |

| | |
|---|---|
| | • Beita gagnrýninni hugsun í umfjöllun<br>• Meta áreiðanleika sagna og heimilda<br>• Beita skýru, lýtalausu og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti<br>• Segja sögur á áhrifaríkan hátt þannig að helstu einkenni frásagnarlistarinnar skili sér<br>• Túlka texta þó merking liggi ekki á yfirborðinu<br>• Vinna að skapandi verkum í tengslum við námsefnið<br>• Beita skýru og blæbrigðaríku máli í ræðu og riti<br>• Taka þátt í málefnalegum umræðum<br>• Byggja upp skýra röksemdafærslu og komast að niðurstöðu |
| **Námsmat** | **Áfanginn er símatsáfangi og því þarf að skila ÖLLUM verkefnum áfangans** |